

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/1995 um vísitölu jöfnunarhlutabréfa.

Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt hefur ríkisskattstjóri reiknað út vísitölu almennrar verðhækkunar í sambandi við útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1995 og er þá miðað við að vísitala 1. janúar 1979 sé **100**.

1. janúar 1980	vísitala	156
1. janúar 1981	vísitala	247
1. janúar 1982	vísitala	351
1. janúar 1983	vísitala	557
1. janúar 1984	vísitala	953
1. janúar 1985	vísitala	1.109
1. janúar 1986	vísitala	1.527
1. janúar 1987	vísitala	1.761
1. janúar 1988	vísitala	2.192
1. janúar 1989	vísitala	2.629
1. janúar 1990	vísitala	3.277
1. janúar 1991	vísitala	3.586
1. janúar 1992	vísitala	3.835
1. janúar 1993	vísitala	3.894
1. janúar 1994	vísitala	4.106
1. janúar 1995	vísitala	4.130

Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu frá 1. janúar 1979 eða frá 1. janúar næsta árs eftir stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma, en hins vegar við vísitölu 1. janúar þess árs sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Reykjavík, 2. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „faggildingu“ í liðnum „Endurskoðunarverkstæði“ í 2. gr. komi: B-faggildingu.

2. gr.

Í stað „faggildingu verkstæða til endurskoðunar ökutækja“ í 6. gr. komi: starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu.

3. gr.

8. gr. breytist þannig:

- a. Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
 - muni innheimta og standa skil á innheimtu umferðaröryggisgjaldi í samræmi við reglugerð um umferðaröryggisgjald.
- b. 9. (verður 10.) liður orðist svo:
 - muni senda niðurstöður skoðana og dæmingu hvers einstaks skoðunaratriðis til öku-tækjaskrár.

4. gr.

a-liður 2. gr. í viðauka I breytist þannig:

- a. 4. másl. 1. mgr. falli brott.
- b. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:
 - 2. Viðnámsstuðull milli blauts viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.
- c. Í stað "Hann" í 3. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.
- d. 4. másl. 5. tölul. 3. mgr. falli niður.
- e. Í stað "Hemlaprófarinn" í 7. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.

5. gr.

b-liður 2. gr. í viðauka I breytist þannig:

- a. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:
 - 2. Viðnámsstuðull milli viðnámsflatar hemlaprófara af rúlluprófaragerð og hjólbarða skal vera á bilinu 0,55 - 0,85.
- b. Í stað "Hann" í 1. másl. 3. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.
- c. Í stað "Hemlaprófarar" í 11. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófarar af rúlluprófaragerð.

6. gr.

Í stað 3. og 4. másl. g-liðar 2. gr. í viðauka I komi: Lyftan skal hafa búnað til að hreyfa framhjól (hreyfiplötu) og lyfta ásum. Á gryfju sem notuð er til að skoða ökutæki sem er 3500 kg eða minna skal vera hreyfiplata. Ekki er krafist hreyfiplötu á lyftu eða gryfju á endurskoðunarverkstæðum.

7. gr.

Á eftir 1. másl. b-liðar 1. gr. í viðauka II komi nýr máslíður, svo hljóðandi: Ekki er krafist hreyfiplötu á gryfju sem bifreiðir 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd eru skoðaðar á.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.